Úttekt jafnlaunakerfis – Áætlun

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd



1. Fyrir 1. nóvember annað hvert ár (frá 2023) gerir úttektaaðili (gæðastjóri) tillögu að áætlun innri úttekta á jafnlaunakerfi MAST fyrir næstkomandi ár. Hann stofnar mál undir málalykli 0.4.1 Innri úttektir með heitinu „Áætlun úttekta jafnlaunakerfis yyyy“. Þar verði öll gögn vistuð er tengjast áætlun innri úttekta á jafnlaunakerfinu fyrir viðkomandi ár.

Við gerð áætlunar tekur úttektaaðili mið af fyrri úttektum og niðurstöðum þeirra eftir því sem við á. Hann leggur tillögu að áætlun innri úttekta fyrir gæðaráð til afgreiðslu. Eftir afgreiðslu gæðaráðs skal úttektaaðili, fyrir 30. nóvember sama árs, kynna áætlun næstkomandi árs fyrir ábyrgðaraðilum þeirra ferla sem fyrir valinu verða hverju sinni.

Gefi tilefni til getur úttektaaðili skipulagt innri úttekt á ferlum jafnlaunakerfis utan þess tímabils sem ráðgert er samkvæmt þessari vinnulýsingu.

2. Áætlun innri úttekta jafnlaunakerfis skal innihalda heiti hverrar úttektar (Auðkenni-„Innri úttekt“-Lýsandi heiti), úttektarmarkmið, og áætlaðan tíma sem úttekt fer fram. Auðkenni úttektar skal vera á forminu yyyy-nr. úttektar.

Við gerð áætlunar skilgreinir gæðastjóri jafnframt hvaða úttektarviðmið (hvaða kröfur í staðli og ferlar í jafnlaunahandbók gæðakerfis) skuli liggja til grundvallar hverju sinni og hvert umfang úttektar skuli vera (þ.e. fjöldi ferla og krafna, umfang skoðunar á launagreiningu o.s.frv.)

Áætlunin er vistuð á S://Innri úttektir/Jafnlaunakerfi og aðgengileg öllum starfsmönnum.